



FÉL3B05 – Félagsfræði og kvikmyndir

Námsáætlun, haustönn 2017

Kennari/kennarar: Magnús Einarsson	Netfang/netföng: magnuse@bhs.is
--	---

Lýsing:

Í þessum áfanga verður leitast við að skoða kvikmyndir út frá hugtökum og sjónarhornum félagsfræðinnar. Kvikmyndir eru afurð nútímamenningar sem færa okkur ákveðna sýn á veruleikann. Með því að beita félagsfræðilegu innsæi verður leitast við að afbyggja boðskap og inntak kvikmyndarinnar. Nemandinn þjálfast í því að skynja tengsl kvikmyndar við samtíð sína og það erindi sem höfundur kvikmyndar á við áhorfendur. Með þessu móti sér nemandinn kvikmyndina sem spegil sem býður upp á sjálfsskoðun og gagnrýni. Markmið áfangans er tvíþætt: Annars vegar að nemandi kynnist því hvernig félagsfræðileg hugtök og sjónarhorn eru að verki í kvikmynd, og hins vegar hvernig kvikmynd fjallar um samfélag og menningu, t.d. út frá samskiptum kynja, kynþáttum og afbrotum. Þessi áfangi ætti að nýtast öllum þeim sem hafa áhuga á sameiginlegu sviði bókmenntafræði, félagsfræði, heimspeki, kynjafræði, kvikmyndafræði, menningarfræði og táknfræði.

Markmið (þekking, leikni, hæfni):

- Nemendur þekki félagsfræðileg hugtök og sjónarhorn sem koma að gagni við að skoða kvikmyndir.
- Nemendur átti sig á kvikmyndum sem ákveðnum menningarafurðum og geti greint kvikmyndir og metið boðskap þeirra og áhrif.
- Nemendur taki gagnrýna afstöðu til myndmiðla og geti sett fram sjálfstæða greinargerð um tengsl samfélags, menningar og kvikmyndar.

Námsmat:

1. Skýrsla um kvikmyndir 10%
2. Hlutapróf 10%
3. Kvikmyndagreining 60% (6x10%)
4. Kynningarverkefni 10%
5. Mæting 10%

Þeir nemendur sem eru með 2F eða færri fjarvistir í lok annar fá 10 í mætingaeinkunn. Þeir sem eru með 12F eða fleiri fá 0 í mætingaeinkunn. Mætingaeinkunn fyrir fjarvistir á bilinu 3F-11F fer stíglækkandi, frá 9,0 fyrir 3F og 1,0 fyrir 11F.



FÉL3B05 – Félagsfræði og kvikmyndir

Námsáætlun, haustönn 2017

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Aðgangur að áfanganum á Moodle er með lykilorðinu: **kvika**

Námsgögn:

Leshefti í FÉL3B05: Félagsfræði og kvikmyndir. Háskólaprent.

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
33	18. ágúst	Kynning á áfanganum	
34	21.-25. ágúst	Tengsl kvikmyndar og samfélags	
35	28.ág.- 1. sept.	Myndlestur, tákfræði, klippingar	
36	4.-8. sept.	Kvikmyndagreinar – flokkun kvikmynda	Skýrsla
37	11.-15. sept.	Félagsfræði og fjölmiðlar	
38	18.-22. sept.	Félagsfræðileg hugtök	Hlutapróf
39	25.-29. sept.	Kvikmynd 1 – umræður og úrvinnsla	
40	2.-6. okt.	Kvikmynd 2 – umræður og úrvinnsla	
41	9.-13. okt.	Kvikmynd 3 – umræður og úrvinnsla	
42	16.-19. okt.	Kvikmynd 4 – umræður og úrvinnsla	Hausthlé
43	23.-27. okt.	Undirbúningur kvikmyndaverkefnis	Val hefst
44	30.okt - 3. nóv.	Undirbúningur kvikmyndaverkefnis	Vali lýkur
45	6.-10. nóv.	Kynning á verkefnum	
46	13.-17. nóv.	Kynning á verkefnum	
47	20.-24. nóv.	Kvikmynd 5 – umræður og úrvinnsla	
48	27.nóv- 1. des.	Kvikmynd 6 – umræður og úrvinnsla	
49	4.-8. des.	Kvikmynd 7 – umræður og úrvinnsla	
50	11.-13. des.	Kvikmynd 8 – umræður og úrvinnsla	

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.

Með von um árangursríka önn,

Magnús Einarsson



Borgarholtsskóli
bókmennt • handmennt • siðmennt

FÉL3B05 – Félagsfræði og kvikmyndir

Námsáætlun, haustönn 2017